

## Viðauki við verðbréfalýsingu dags. 17. maí 2022

### Ölgerðin Egill Skallagrímsson hf.

Viðauki þessi er birtur á grundvelli laga nr. 14/2020, um lýsingu verðbréfa sem boðin eru í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði, sbr. 23. gr. reglugerðar (ESB) 2017/1129 (hér eftir „Reglugerðin“). Verðbréfalýsing dags. 17. maí 2022, ásamt viðauka þessum (hér eftir „verðbréfalýsing“), útgefin af Ölgerðin Egill Skallagrímsson hf., kt. 420369-7789, Grjóthálsi 7-11, 110 Reykjavík („Ölgerðin“, „Útgefandi“ eða „félagið“), skal höfð til hliðsjónar við lestur viðauka þessa og gilda skilgreiningar í verðbréfalýsinguinni jafnframt um viðauka þennan. Við birtingu viðaukans myndar hann órjúfanlegan hluta verðbréfalýsingarinnar.

Með viðauka þessum eru breytingar gerðar á kafla 6.2 „Viðskiptavakt“, í verðbréfalýsingu félagsins.

#### 6.2 Viðskiptavakt

Önnur efnisgrein í kafla 6.2 Viðskiptavakt er felld á brott og leiðrétt sem hér segir:

„Fjárhæð kaup- og sölutilboða sem viðskiptavakar leggja fram, skulu vera að lágmarki 5. m.kr. að markaðsvirði hvor, á gengi sem viðskiptavakar ákveða í hvert skipti. Viðskiptavökum er heimilt en ekki skylt að bjóða til kaups og/eða sölu fleiri hluti. Verðbil kaup- og sölutilboða skal ákvarðað með hliðsjón af verðskrefatöflu Kauphallarinnar eins og hún er hverju sinni þannig að verðbil verði sem næst 1,5% en aldrei lægra en 1,45%. Þó skal viðskiptavaka vera heimilt að fara tímabundið undir framangreint viðmið s.s. vegna aðstæðna sem skapast vegna verðskrefatöflu Nasdaq Iceland. Sveiflist gengi innan dags meira en 5% áskilja viðskiptavakar sér rétt til að auka verðbilið í 3%. Hámarksfjárhæð heildarviðskipta sem hver viðskiptavaki skuldbindur sig til að eiga viðskipti með dag hvern skal samsvara 100 m.kr. að markaðsvirði. Eigi viðskiptavaki, annar eða báðir, hvor um sig viðskipti með bréf félagsins fyrir fyrrgreindar 100 m.kr. að markaðsvirði falla niður skyldur viðkomandi viðskiptavaka um verðbil skv. framangreindu innan þess dags. Samningarnir taka gildi frá og með fyrsta viðskiptadegi með hlutabréf Ölgerðarinnar hjá Nasdaq Iceland og eru ótímabundnir. Samningarnir eru uppsegjanlegir af allra hálfu með 14 daga fyrirvara.“

#### Réttur til afturköllunar

Í samræmi við 2. mgr. 23. gr. Reglugerðarinnar er hér með tilkynnt um eftirfarandi. Þeir fjárfestar sem þegar hafa skráð sig fyrir verðbréfum í almennu hlutafjárútboði Ölgerðarinnar, áður en viðaukinn var birtur, eiga rétt á að afturkalla skráningu sína innan tveggja daga frá því viðaukinn er birtur.

Fjárfestum er bent á að hafa samband við [olgerdin@kvika.is](mailto:olgerdin@kvika.is) hyggist þeir neyta réttar síns til afturköllunar. Rétturinn fellur niður að 25. maí liðnum.

## Yfirlýsing Yfirlýsing ábyrgðaraðila viðaukans fyrir hönd útgefanda

Stjórnarformaður og forstjóri Ölgerðarinnar Egill Skallagrímsson hf., kt. 420369-7789, Grjóthálsi 7-11, 110 Reykjavík, lýsa því yfir fyrir hönd Ölgerðarinnar, sem Útgefanda, að samkvæmt þeirra bestu vitund séu upplýsingarnar sem að viðaukinn inniheldur, í samræmi við staðreyndir og að engum upplýsingum hafi verið sleppt sem gætu haft áhrif á áreiðanleika hans.

Reykjavík, 23. maí 2022

Fyrir hönd Ölgerðarinnar Egill Skallagrímsson hf.

DocuSigned by:

*Októ Einarsson*

F672E7F58DFB432...

Októ Einarsson

Stjórnarformaður

DocuSigned by:

*Andri Þór Guðmundsson*

B309A61096C84BF...

Andri Þór Guðmundsson

Forstjóri